



# Gjaldskrá

## Heiðarveitan

### I.Kafli

#### 1.gr.

Heiðarveitan, hér eftir „Veitan“, selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim sem gerð hafa verið eða verða gerð af Hvalfjarðarsveit og til þeirra húsa sem fá vatn frá aðfærsluæð ásamt því að Veitan endurselur vatn/hitaorku úr lagnakerfum þeim, sem tengd eru aðveitu Veitna ohf., samkvæmt gjaldskrá þessari samanber samþykktir fyrir Veituna.

#### 2.gr.

Veitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Veitan lætur setja mæli sem mælir rennsli og orkunotkun. Veitan ræður gerð mæla og, ef þurfa þykir, hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

#### 3.gr.

Einungis starfsmenn á vegum Veitunnar hafa rétt til að breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Selt vatnsmagn skal ávallt standa á heilum. Ef gjaldandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til Veitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna er heimilt að gera gjaldanda að greiða auka álestrargjald. Sé frávik meira skal Veitan greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning gjaldanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en eitt ár til hækkunar reiknings en fjögur ár til lækkunar, þ.e. endurgreiðslu til gjaldanda. Sama gildir ef prófun á mælitæki fer fram að frumkvæði Veitu, en í þeim tilvikum fellur kostnaður við prófun ávallt á Veitu.

### II.Kafli

#### 4.gr.

#### **A. Rúmmetragjald skv. mæli:**

Hver gjaldandi þar sem mælastærð er 15-25mm skal aldrei greiða minna en sem nemur 2,0 l/m eða sem nemur kr 16.000 á mánuði.

Gjald fyrir rúmmetra vatns er kr. 190.-

Mælagjald á mánuði:

B1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.500 kr.

B1 Stærð mælis/hemils DN 20 1.500 kr.

B1 Stærð mælis/hemils DN 25 2.500 kr.

Ef þörf er á stærri mæli en að framan greinir skal samið um það sérstaklega.

Á framangreind gjöld leggst 2% sérstakur skattur í ríkissjóð skv. lögum um umhverfis- og auðlindaskatta.

### **B. Stofngjöld:**

Heimæðargjald kr. 1.000.000.-

Innifalið í stofngjaldi eru 100 metrar af heimæðarlögn komið í jörðu og uppsetning á búnaði/tengigrind hitaveitunnar. Innifalið í veitugrindinni er magnmælir, kúlulokar, sía og þrýstingsmælir.

Ef heimæð er lengri en 100 metrar skal gjaldandi greiða raunkostnað fyrir viðbótina.

### **C. Önnur gjöld:**

Lokunargjald kr. 35.000.-

Aukaálestur kr. 15.000.-

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar gjaldanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda er kr/kl 12.750 án vsk. á dagvinnutíma (milli 08 og 17), en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Veitan áskilur sér rétt til að beita viðurlögum skv. almennum hegningarlögum ef innsigli á tengihlutum er rofið.

5.gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð með milligöngu viðskiptabanka Hvalfjarðarsveitar.

Gjaldþagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá eindaga.

Notast verður við áætlun og álestur eftir aðstæðum hverju sinni.

6.gr.

Gjöld skv. 4.gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og skal grunnvísitala (grunnur 2021) vera 100,6 stig. Veitunni er heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

III.Kafli

7.gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 79.gr.laga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

8.gr.

Veitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð gjaldanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyriráætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 29. gr. samþykka fyrir Heiðarveituna.

Allan raunkostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Starfsmanni á vegum Veitunnar skal veittur hvenær sem er aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun á heita vatninu.

Við öll gjöld í gjaldskrá þessari bætist við virðisaukaskattur eins og hann er ákveðinn í lögum um virðisaukaskatt hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar á fundi hennar þann 10. maí 2022 og skal öðlast gildi þann 1. september 2022 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Hitaveitu Heiðarskóla.

Linda Björk Pálsdóttir  
sveitarstjóri

### **Viðauki við gjaldskrá Heiðarveitu**

#### 1. gr.

Gjald fyrir rúmmetra vatns til sundlauga er kr. 85.- miðað við vísitölu byggingarkostnaðar og skal grunnvísitala (grunnur 2021) vera 115,1 stig. Veitunni er heimilt að breyta gjaldinu í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 9. ágúst 2023.